

113. fundur byggingarnefndar
haldinn á fundarstað 1, 7. desember 2018 og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Björn Ingason, Hreiðar B. Hreiðarsson, Unnar Eiríksson, Elmar Sigurgeirsson,
Gunnar Pálsson og Vigfús Björnsson.

Fundargerð ritaði: Vigfús Björnsson, Skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Áshóll frístundahús 2018 - 1808001

Anna Bára Bergvinsdóttir kt. 020572-4699 sækir um byggingarleyfi til að koma fyrir forsmíðuðu frístundahúsi 49,3 fm að stærð á lóð við Áshól í Grýtubakkahreppi. Meðfylgjandi eru teikningar frá Rögg teiknistofu 2018-08-12. Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Ægissíða 18 breytt notkun 2018 - 1810008

Vellir Grenivík ehf. kt. 480307-1510 sækja um leyfi til að breyta notkun íbúðarhúsnæðis að Ægissíðu 18 í Grýtubakkahreppi til notkunar í gistipjónustu skv. reglugerð nr. 1277/2016. Íbúðarhúsið er 79,3 fm verður leigt út í heild en bílskúrinn er undanþeginn umsókninni. Meðfylgjandi er uppdráttur frá Valbirni Ægi Vilhjámssyni dags. 2018-10-31. Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Nollur gesta- og baðhús 2018 - 1809010

Nollur ehf. kt. 410206-1290 sækir um byggingarleyfi vegna frístundahúss 195,8 fm, baðhúss 65,6 fm og breyttrar notkunar þjónustuhúss 97,8 fm á jörðinni Nollu í Grýtubakkahreppi. Meðfylgjandi eru uppdrættir frá Opus verkfræðistofu dags. 2018-12-03. Byggingarnar samræmast ekki gildandi deiliskipulagi fyrir Noll en skipulagsheimild hefur verið veitt að forgenginni grenndarkynningu. Umsóknin verður afgreidd sem tvö byggingarleyfi, annarsvegar nýbygging baðhúss og hinsvegar nýbygging frístundahúss ásamt breyttri notkun þjónustuhúss. Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Heiðarholt 33 frístundahús 2018 - 1810003

Svanur F. Jóhannsson kt. 040776-4789 sækir um byggingarleyfi vegna byggingar 104,5 fm frístundahúss að Heiðarbyggð 33 í Svalbarðsstrandahreppi. Meðfylgjandi eru uppdrættir eftir Steinþór H. Steinarsson dags. 2018-10-07. Byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við mænisstefnu hússins og samþykkir erindið.

5. Tjarnavirkjun stöðvarhús 2018 - 1812003

Tjarnavirkjun ehf. kt. 620616-0600 sækir um byggingarleyfi vegna byggingar stöðvarhúss Tjarnavirkjunar 79,7 fm í landi Halldórsstaða í Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru teikningar frá Eflu verkfræðistofu dags. 2018-07-19. Byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. Öxnhóll kálfahús 2018 - 1809009

Aðalsteinn Árni Hreiðarsson kt. 260982-3119 sækir um byggingarleyfi vegna byggingar kálfahúss 272,2 fm sem byggt er við eldra fjós í Öxnhól í Hörgársveit. Meðfylgjandi eru

*upprættir frá Mannvirkjameistararum dags. 2018-11-07.
Byggingarnefnd samþykkir erindi.*

7. Arnarholtsvegur 5 frístundahús 2018 - 1810001

Heiðrún Jónsdóttir kt. 030552-3829 sækir um byggingarleyfi vegna frístundahúss 110,8 fmfm að Arnarholtsvegi 5, Hörgársveit. Meðfylgjandi eru teikningar frá AVH dags. 2018-11-21. Samþykki sveitarstjórnar Hörgársveitar liggur fyrir vegna frávika staðsetningar hússins frá skilgreindum byggingarreit Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Hólshús I viðbygging 2018 - 1810006

Kolbrún Ingólfssdóttir tilkynnir um viðbyggingu við íbúðarhús í Hólsgærði I í Eyjafjarðarsveit. Viðbyggingin er 19,2 fm að flatarmáli og rúmast framkvædin því innan heimildar í gr. 2.3.5. h í byggingarreglugerð. Meðfylgjandi eru aðaluppdrættir frá AVH dags. ásamt burðarþols- og rafmagnsuppráttum. Skipulagsheimildar vegna framkvæmdarinnar var aflað með grenndarkynningu haustið 2018. Lagt fram til kynningar.

9. Sveinbjarnargerði stjórnarsýslukæra 2018 - 1812004

Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi stjórnarsýslukæru vegna samþykktar byggingarnefndar á byggingarleyfisumsókn vegna endurbyggingar varphænsnaúss í Sveinbjarnargerði í Svalbarsstrandarhreppi dags. 2017-04-26 lagður fyrir fundinn. Úrskurðarnefndin sýknar byggingarnefnd af kærinni. Lagt fram til kynningar.

Jón Stefánsson sat fundinn í fjarveru Hreiðars B. Hreiðarssonar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

Björn Ingason

Hreiðar B. Hreiðarsson

Unnar Eiríksson

Elmar Sigurgeirsson

Gunnar Pálsson